

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Hákon Hansson heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) sá um eftirlitið. HAUST er með samning við Umhverfisstofnun um framselt eftirlit í fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi.

Mat heilbrigðisfulltrúa er að grútarmengun hafi verið talsvert mikil og mjög áberandi í einstöku blíðviðri og 17 stiga hita, sem var á sunnudaginn.

Úrbætur hafa verið ákveðnar og verða komnar í gagnið á næstu vikum. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að tilkynna til stofnunarinnar um leið og úrbótum er lokið og verða þær yfirfarnar í næsta eftirliti.

## UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðiseftirliti Austurlands, sem annast eftirlit með fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði skv. samningi við Umhverfisstofnun barst síðdegis í gær, sunnudaginn 17. september sl. símtal þar sem kvartað var yfir mikilli grútarmengun í sjó við þorpið á Búðum og í fjörum í þorpinu.

HAUST hefur gert kröfu um að verkssmiðjan tilkynni tafarlaust ef mengun verður frá verksmiðjunni, en það hafði ekki verið gert. Ákveðið var að fara í eftirlit á staðinn, en fyrr í sumar hafði líka borist kvörtum vegna mengunar, en reyndist þá vera lítil.

Rætt var við vinnslustjóra í frystihúsi og einnig við vaktstjóra og starfsmenn fiskimjölsverksmiðju. Þeir könnuðust ekki við mengunaráhapp, en vinnslustjórinn taldi að fitugildra við þökkun og frystingu að Hafnargötu 32 (Fram) hefði yfirfyllst, þar sem hún var ekki hreinsuð í tæka tíð.

Farið var fram á skýringar á grútarmenguninni og hafa þær nú borist. Fulltrúar rekstraraðila telja að mengunin komi bæði frá fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar sem og frá vinnslu, þökkun og frystingu í Fram. Hreinsibúnaður beggja verksmiðja ráða ekki við hreinsun fitu úr fráveitu þegar unnið er á fullum afköstum. Nýtt hreinsivirki verður komið í notkun á næstu dögum og áður en Hoffellið kemur næst inn til löndunar. Grútarmengun ætti því að vera út sögunni frá þessu útfalli.

Nú er verið að ljúka frágangi á fullkominni redox-skilju og hreinsivirki við bræðsluna og þangað verður öllum vökva sem inniheldur fitu og þurrefni dælt og það sem þaðan kemur er fitufrítt.

Um er að ræða mikið mannvirki með tveimur stórum fleytikörum.

Þetta mannvirki verður tekið í fulla notkun á næstu dögum og fullyrða forsvarsmenn fyrirtækisins að þar með sé hætta á grútarmengun úr sögunni.

Gert er ráð fyrir að setja upp nýja fitugildru að Hafnargötu 32 við fyrstu hentugleika. Hún verður til vara ef dæling þaðan og í hreinsivirkið stöðvast af einhverjum ástæðum. Núverðandi fitugildra við Hafnargötu 32 er allt of lítil.

### Frávik frá

ákvæðum í greinum 2.16 og 2.17 í starfsleyfi rekstraraðila

### Lýsing á fráviki

Grútarmengun er í höfninni á Búðum. Fita í útfalli frá verksmiðju Loðnuvinnslunnar er yfir mörkum sem sett eru í starfsleyfi. Úrbætur hafa verið ákveðnar og verða komnar í gagnið á næstu vikum. Rekstraraðili skal tilkynna til stofnunarinnar um leið og úrbótum er lokið og verða þær yfirfarnar í næsta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.10.2017

Gottskálf Friðgeirsson